

Mál nr. 23/2005

M

vegna ófjárráða dóttur sinnar

og

Vátryggingafélag X v/slysatryggingar ökumanns

Umferðarslys, andlát, ágreiningur um bætur fyrir missi framfæranda.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.01. 2005, ásamt fylgiskjöllum 1 - 9.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.02. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1033/2004.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

Þann 10.01. 2004 lést ökumaður nefndrar bifreiðar í umferðarslysi á Suðurlandsvegi. Ökumaðurinn var einn í bifreiðinni. Bifreiðin var í eigu sambýliskonu hins látna. Samkvæmt gögnum málsins virðist bifreiðin hafa farið yfir á rangan vegarhelming og framan á bifreið sem á móti kom. Er þetta gerðist var sambýliskona hins látna barnshafandi. Þann 12.05. 2004 eignaðist hún dóttur. Með dómi var viðurkennt að hinn látni var faðir stúlkunnar. Gerðar voru kröfur fyrir hönd stúlkunnar um bætur vegna missis framfæranda sbr. gögn málsins. Vátryggingafélagið hafnar kröfunni á grundvelli 5. gr. skilmála um slysatryggingu ökumanns og eiganda með vísan til gagna sem sýna að ökumaðurinn bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum lyfja sbr. niðurstöður Rannsóknarstofu Háskólans frá 27.02. 2004.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Röksemdir hennar koma fram í málskotinu. Í greinargerð lögmanns hennar, dags. 21.01. 2005, er gerð grein fyrir aðalkröfu og varakröfu. M óskar eftir áliti nefndarinnar á því hvort full greiðsluskylda sé til staðar af háflu vátryggingafélagsins, ef ekki sé talin full greiðsluskylda og bótaábyrgð er gerð krafa um að skipta ábyrgð.

Vátryggingafélagið telur ljóst að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið óhæfur til að stjórna bifreiðinni sökum neyslu nautnalýfja. Félagið telur ekki vera ágreining um það. Félagið hafnar bótaskyldu með vísan til 5. gr. um slysatryggingu ökumanns og eiganda. Það getur þess að í málskotinu telji lögmaður M félagið "hafna bótaskyldu vegna áhættutöku. Félagið telur málið ekki snúast um eiginlega áhættutöku þar sem M var ekki farþegi í ökutækinu er slysið varð. Það er mat félagsins að fullljóst sé að réttur til bóta vegna missis framfæranda sé leiddur af rétti ökumanns til bóta. Ökumaður hafi fyrirgert þeim rétti með öllu því að aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna".

Álit.

Í 5. gr. skilmála slysatryggingar ökumanns er fjallað um missi bótaréttar. Fram kemur að réttur til vátryggingarbóta geti fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga, ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækja skyldur sínar við stjórn ökutækisins t.d. með því að aka án þess að hafa öðlast ökuréttindi eða valda tjóni af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður að telja að ökumaður bifreiðarinnar hafi vegna neyslu lyfja verið ófær um að stjórna bifreiðinni. Með hliðsjón af nefndri 5. gr. skilmála slysaftryggingar ökumanns og eiganda og 20. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954 hefur þetta í för með sér missi bótaréttar samkvæmt nefndri vátryggingu. Réttur til greiðslu bóta t.d. fyrir missi framfæranda er leiddur af rétti vátryggðs ökumanns. Með hliðsjón af framanrituðu er greiðsluskylda gagnvart M því ekki fyrir hendi úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. mars 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.